

## Stofnfundur samtaka náttúrustofa (SNS), Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík, 16. maí 2002

### Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Staðfesting stofnskrár
4. Kosning framkvæmdastjórnar
5. Önnur mál
6. Fundarslit

### Viðstaddir

Ármann Höskuldsson	fráfarandi forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands
Einar Már Sigurðarson	meðstjórnandi Náttúrustofu Austurlands
Guðrún Áslaug Jónsdóttir	forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands
Hafsteinn H. Gunnarsson	starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða
Magnús Jóhannson	Ráðuneytisstjóri Umhverfissráðuneyti
Róbert A. Stefánsson	forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir	formaður Náttúrustofu Reykjaness
Sveinn Kári Valdimarsson	forstöðumaður Náttúrustofu Reykjaness
Þorleifur Eiríksson	forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða
Þorsteinn Sæmundsson	forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands Vestra

- 1-2. Guðrún setti fundinn kl 11:10, bauð alla velkomna og stakk upp á Einari sem fundarstjóra og Sveini sem fundarritara og var það samþykkt.
3. Einar lagði fram tvær breytingartillögur um stofnsamning og sú fyrsta er á 3. gr. um að í stað framkvæmdarstjóra og aðstoðarframkvæmdarstjóra komi formaður og varaformaður. Önnur tillagan er að í 5. gr. komi ákvæði um að allar stofurnar þurfi að senda fulltrúa á aðalfund. Voru báðar þessar tillögur samþykktar. Magnús spurði hvort það væri réttur skilningur að ráðuneyti gæti haft samband beint við SNS í stað þess að ræða við hverja stofu fyrir sig og var það samdóma álit fundarmanna að svo væri. Var þá stofnskrá í heild sinni með breytingarákvæðum samþykkt samhljóða.
4. Guðrún stakk uppá Þorsteini sem formanni SNS og Þorleifi sem varaformanni og var það samþykkt samhljóða.
5. Magnús bar kveðjur frá ráðherra sem sökum veikinda (utan af landi) átti ekki heimangengt. Hann fagnaði stofnun samtakanna og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum alls góðs. Hann ræddi nýju lögin og þau verkefni sem framundan eru í að setja stofurnar yfir á sveitarfélögin.

Þorsteinn nefndi þá samninga sem gera þarf við sveitarfélögin og ræddi nauðsyn þess að stofurnar geri samhlíða samninga.

Ármannt talaði um ný lög og benti á að Náttúruvernd ríkisins/Hollustuvernd hafi lögbundnar skyldur gagnvart stofunum og að það sé hlutur sem stofurnar þurfi aðeins að standa vörð um.

Sigrún óskaði fundarmönnum til hamingju með samtökin og nefndi mögulega stækkun SNS með tilkomu tveggja nýrra stöfa.

Einar spurði um álit fundarmanna á tveim nýjum stofum og í máli forstöðumanna kom fram að nýjar stofur verði velkomnar í samtökin og að nóg séu verkefnin, hinsvegar beri að leggja áherslu á að styrkja þær stofur sem fyrir eru frekar en að opna nýjar. Í þessu sambandi ræddi Þorsteinn um að yfirbygging stofanna sé umtalsverð og mun hagkvæmara gæti verið að opna starfstöðvar frekar en nýjar stofur. Þorleifur tók undir þetta og lýsti góðri reynslu af starfstöðvum á Vestfjörðum.

Magnús spurði um möguleika á að draga fleiri sveitarfélög að rekstri náttúrustöfa og var það samdóma álit forstöðumanna að slíkt væri ekki einfalt. Róbert nefndi að hann væri að útbúa pakka þar sem sveitarfélög sjái svart á hvítu hvað sé í boði og hvað það komi til með að kosta. Ármannt nefndi mikilvægi þess að ráðuneyti aðstoði í þessum málum.

6. Þorsteinn sleit svo fundi kl 12:10 og minnti fundarmenn á að mikil vinna væri framundan.